



SUÐUHÆFNI ÁLS

Þó ál hafi lægra bræðslumark en stál þýðir það ekki að minni hita þurfi til að sjóða ál. Stafar það af hinni miklu hitaleiðni sem gerir það að verkum að ál þarf meiri hita en stál. Fyrir suðumann er hitaleiðnin til bóta, því suðubráðin storknar fyrr og auðveldar því lóðréttu uppundirsuðu. Hitaleiðni áls er fjórum sinnum meiri en stáls. Hreint ál bráðnar við 660°C og álblöndur við lægra hitastig. Oxíðhúðin bráðnar hinsvegar við 2060°C og er því nauðsynlegt að fjarlægja hana fyrir suðu.